

Kafli 4.3 – Emile Durkheim – fyrri hluti

Spurningar úr efni bls. 73-81.

1. Durkheim las verk Comtes og Spencers. Hvað gagnrýndi hann þá mest fyrir?
2. Út á hvað gekk hið svonefnda Dreyfus-mál í Frakklandi?
3. Hvernig tengist Dreyfus-málið félagsfræði Durkheims (sem leggur áherslu á ritúal, samvitund, samheldni, viðmið og frávík)?
4. Hvernig tengist efni fréttarinnar „Neyddur til að giftast kú“ (bls. 74-75) því sem Durkheim hefur um frávík að segja?
5. Hvernig má tengja dæmisöguna um hundinn Lúkas (frétt bls. 75) við það sem Durkheim hafði áhuga á að skoða í mannlegu samfélagi?
6. Nefnið helstu rit Durkheims.
7. Hvað eru „félagslegar staðreyndir“ og hvers vegna lagði Durkheim áherslu á að fjalla aðallega um félagslegar staðreyndir og félagslegar stofnanir í samfélaginu?
8. Hvað þýðir það að félagslegar staðreyndir setji hömlur á fólk óháð persónuleika þess og vilja? Þýðir þetta að einstaklingurinn sé þá bara viljalaust verkfæri?
9. Hvað eru sýnilegar félagslegar staðreyndir?
10. Hvað eru ósýnilegar félagslegar staðreyndir?
11. Hvað er samvitund samkvæmt Durkheim? Hvernig kemur hún helst fram?
12. Hvað er sameiginleg birtingarmynd samkvæmt Durkheim?

13. Ímynd Abrahams Lincoln er sameiginleg birtingarmynd í vitund Bandaríkjamanna. Hvers vegna breytist þessi sameiginlega birtingarmynd?
- 14.(Hópverkefni) Með hvaða hætti eru bandaríski fáninn, íslenski fáninn, íslenska fjallkonan, silfurdrengirnir, námuverkamenn frá Chile, rokkstjórnur o.fl. dæmi um sameiginlegar birtingarmyndir? Nefnið fleiri dæmi um þetta ferli þar sem sameiginleg birtingarmynd verður til eða breytist? Hvað ræður því að eitthvað verður að sameiginlegri birtingarmynd? Eru sameiginlegar birtingarmyndir áberandi í ferðaþjónustu?